

LÖG

um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Við lögin bætast ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

I.

Niðurfelling aðstöðugjalds á árinu 1993.

Innheimta á aðstöðugjaldi skv. V. kafla, sem lagt er á gjaldárið 1993 vegna rekstrar á árinu 1992, skal falla niður. Ákvæði V. kafla skulu að öðru leyti gilda um framtal, álagningu og aðra meðferð gjalds þessa.

Ákvörðun sveitarstjórnar, sbr. 39. gr. og 36. gr. um gjaldstig og gjaldflokka, sem gildi á gjaldárinu 1992 vegna rekstrar ársins 1991, skal í einu og öllu gilda óbreytt við álagningu skv. 1. mgr.

Í stað aðstöðugjalds gjaldársins 1993 skulu sveitarfélög fá sérstakt framlag úr ríkissjóði. Framlag ríkissjóðs skal vera fjárhæð sem svarar til 80% af álögðu aðstöðugjaldi gjaldárið 1993 sem hefði fallið til hvers sveitarfélags ef ekki hefði komið til niðurfelling gjaldsins.

Þar til álagning aðstöðugjalds liggur fyrir skal sveitarfélögum greitt með fimm jöfnum greiðslum 40% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1992 vegna rekstrar á árinu 1991 sem fyrirframgreiðsla upp í greiðslu skv. 3. mgr. Fyrirframgreiðsla samkvæmt þessari grein skal fara fram fyrsta dag mánaðanna febrúar til júní 1993. Þegar álagning liggur fyrir skulu eftirstöðvar greiðslu skv. 3. mgr. gerðar upp með fimm jöfnum greiðslum mánuðina ágúst til og með desember 1993.

Leiði breytingar skattstjóra, við yfirferð framtala og við úrskurð á kærum á aðstöðugjaldsstofni, til þess að sýnilegt er að framlag ríkissjóðs, sbr. 4. mgr., hafi verið of hátt eða of lágt í einstöku sveitarfélagi skal ákvarða að nýju umrætt framlag. Félagsmálaráðherra skal í samráði við fjármálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig staðið skuli að þeirri ákvörðun.

II.

Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. í ákvæði til bráðabirgða I skulu 120 milljónir króna af framlagi ríkissjóðs renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skal þeim varið til greiðslu jöfnunarframlaga, sbr. 14. gr. Fjárhæð þessa skal draga frá óskiptu framlagi ríkissjóðs til sveitarfélaganna í ágústmánuði 1993 og greiða þegar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

III.

Önnur lagaákvæði um aðstöðugjaldsstofn.

Framkvæmd á ákvæðum laga um kirkjugarðs-, útflutningsráðs-, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, svo og öðrum reglum er kveða á um að aðstöðugjaldsstofn sé að einu og öðru leyti grundvöllur gjaldaútreiknings og þess háttar, sbr. t.d. ákvæði um landsútsvar, skal, þrátt fyrir niðurfellingu á innheimtu aðstöðugjalds, standa óhögguð gjaldárið 1993.

IV.

Skerðing á framlagi til Lánasjóðs sveitarfélaga.

Framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. skal á árinu 1993 skerðast um 110 milljónir króna. Upphæð þessi skal koma til lækkunar á framlagi til Lánasjóðs sveitarfélaga skv. c-lið 12. gr.

V.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1993.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við 4. kafla:

Tollskrárnúmerin 0403.1004 og 0403.9004 bætist við undirliðina 0403.10 og 0403.90 og orðist svo:

		Tolltaxtar	
		A	E
0403.1004	-- Bragðbætt, ót. a.	0	
0403.9004	-- Bragðbætt, ót. a.	0	

2. Við 6. kafla:

Undirliðurinn 0603.10 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

– Nýtt:

– Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:

0603.1001	-- Innfluttar á tímabilinu 1. desember til 30. apríl . .	30
0603.1002	-- Innflutningur á öðrum tíma	30
0603.1009	-- Annars	30